



## **Starfslýsing skólaliða í ræstingu**

**Starfsheiti:** Skólaliði

**Tilgangur starfs:** Skólaliði tekur þátt í því uppeldisstarfi sem fer fram innan skólans. Hann starfar við umsjón og eftirlit með nemendum á göngum, skólalóð, í búningsklefum og í lengdri viðveru; sinnir framreiðslu matar og sér um að halda húsnæði og lóð hreinni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Skólaliði skal hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum og að minnsta kosti einhverja íslenskukunnáttu. Hann sýnir nemendum skóla gott fordæmi, er jákvæður, traustur og samkvæmur sjálfum sér.

**Helstu verkefni:**

- Fylgist með nemendum í hléum milli kennslustunda, leiðbeinir þeim í samskiptum, reynir að leysa ágreining og gætir þess að umgengnisreglur séu virtar.
- Aðstoðar nemendur ef með þarf við að ganga frá fatnaði sínum og gætir muna þeirra sem og klæða.
- Frímínútnagæsla innanhúss og utanhúss, eftir því sem þörf er á.
- Almenn gangavarsla og eftirlit með nemendum og búnaði.
- Afgreiðsla, umsjón og gæsla í matartímum.
- Ræsting og/eða önnur störf á nemendafrídögum, samkvæmt skóladagatali.
- Þurrkar bleytu af göngum og heldur snyrtingum hreinum yfir daginn.
- Sinnir tilfallandi þrifum.
- Aðstoðar við uppröðun og tilfærslu á húsgögnum og tækjum þegar þörf er á.
- Fylgja nemendum í og úr íþróttum/sundi.
- Sinnir nemendum í frístund í leik og starfi auk þess að sjá um hressingu fyrir þá.